Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík, Íslandi.
Sími: 450 1108 Netfang: bjarni@sam.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2020.

Efni:
Umsögn um Þingskjal 468 – 376. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (úthlutun tollkvóta)

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hafa tekið til umfjöllunar frumvarp til laga þar sem lagðar eru til breytingar á fyrirkomulagi úthlutunar tollkvóta. Í greinargerð segir m.a. að frumvarpið sé hluti af umfangsmikilli aðgerðaáætlun stjórnvalda í ljósi erfiðrar stöðu landbúnaðarins m.a. vegna kórónuveirufaraldursins „…sem miðar að því að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu…“.

SAM hafa ásamt öðrum hagsmunasamtökum í landbúnaði, vakið athygli á þeim mikla vanda sem steðjar að landbúnaði nú um stundir. Meðal annars beindu þau formlega séstöku erindi til ríkisstjórnarinnar þann 2. nóvember sl., þar sem aðstæður og núverandi staða voru skýrð ítarlega. Ljóst er að heimsfaraldur af völdum COVID-19 sjúkdómsins hefur valdið verðlækkunum og sölutregðu á afurðum landbúnaðarins. Auk þess hefur komið í ljós að misræmi hefur verið í tollaframkvæmd á undanförnum árum, sem hefur gert það að verkum að innlend framleiðsla hefur ekki búið við þau starfsskilyrði sem lög og alþjóðasamningar áttu að tryggja. Á sama tíma hefur heimsmarkaðsverð á landbúnaðarvörum lækkað. Að mati hagsmunasamtaka bænda hefur allt þetta orðið til þess að auka enn á þann vanda sem landbúnaðariðnaðurinn hefur orðið fyrir nú í sumar og haust.

SAM leggja því áherslu á að orðið sé við þeim rökstuddu óskum samtaka bænda og afurðastöðva í landbúnaði, sjá meðfylgjandi afrit af bréfi til ríkisstjórnar Íslands frá 2. nóvember sl., að útboði á tollkvótum ESB fyrir landbúnaðarafurðir á innlendan markað verði frestað meðan ráðrúm gefst til að rýna stöðuna og koma í veg fyrir langvarandi afleiðingar offramboðs búvara á innlenda framleiðendur. Þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu væru síðan rétt skref þegar staðan hefur verið yfirfarin og útboð tollkvóta hæfust á ný.

Fulltrúar SAM eru reiðubúnir að koma til funda nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Jóhanna Hreinsdóttir

Jóhanna Hreinsdóttir

Stjórnarformaður SAM

Ríkisstjórn Íslands
b.t. formanna ríkisstjórnarflokka
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

AFRIT

Reykjavík, 2. nóvember 2020.

Beiðni um aðgerðir ríkisstjórnar Íslands vegna alvarlegra aðstæðna í landbúnaði sem tengjast COVID-19 faraldrinum.

Helstu hagsmunasamtök bænda og fyrirtækja í landbúnaði vilja með bréfi þessu beina formlegu erindi til ríkisstjórnar Íslands vegna alvarlegra aðstæðna í landbúnaði sem tengjast COVID-19 faraldrinum. Að mati þessara samtaka er fyrirsjáanlegur afkomubrestur í greininni sem mun hafa mikil og varanleg áhrif á íslenskan landbúnað og ber brýna nauðsyn til að grípa til margþættra aðgerða af hálfu íslenska ríkisins.

Um alvarlegar aðstæður

Undanfarin misseri hefur forsvarsmönnum hagsmunasamtaka bænda orðið ljóst að afkomubrestur blasir við í landbúnaði. Aukinn innflutningur búvara hefur þrengt að mörkuðum, eins og komið hefur fram í samskiptum við stjórnvöld, sjá nánar fskj. nr. 1. COVID-19 faraldurinn hefur aukið enn á þann vanda sem fyrir var. Nánar tiltekið má rekja það til hruns í fjölda ferðamanna og sóttvarnaraðgerða stjórnvalda. Þannig hefur sala á kjöti (alifugla-, hrossa-, svína-, nautgripa- og lambakjöti) dregist saman um 9,1% síðastliðna þrjá mánuði. Um skiptingu vísast nánar til yfirlits atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá september 2020, sbr. fskj. nr. 2.

Uppsöfnun kjötbirgða og áhrif tollkvóta

Til viðbótar þessu hrannast nú upp kjötbirgðir bæði í búfé á fæti hjá bændum og í birgðageymslum sláturleyfishafa. Auk þess er fyrirséð að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun að öllu óbreyttu auglýsa tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins, sbr. t.d. reglugerð nr. 494/2020, sbr. fskj. nr. 3. Verði ekki gripið til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir að meira kjöt komi inn á yfirfullan markað mun það leiða til hruns í verði á kjöti til framleiðenda.

Mjólk og markaður með mjólkurvörur

AFRIT

Á síðastliðnum tveimur árum hafa Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði séð breytingu á sölu mjólkur og mjólkurvara. Breytingin sést á ójafnvægi í sölu á mjólkurpróteini annars vegar og mjólkurfitu hins vegar. Stærsti áhrifaþáttur þessa ójafnvægis er stóraukinn innflutningur á ostum. Að nánar athuguðu máli kom ennfremur í ljós að veruleg aukning varð á innflutningi vöru, svokallaðs jurtaosts, sem er tollfrjáls. Af þessari ástæðu hófu hagsmunasamtökin rannsókn sem leiddi m.a. til þess að fjármálaráðuneytið afturkallaði auglýsingu á nýjum tollnúmerum sem voru í andstöðu við álit Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Tollvernd landbúnaðarvara ekki til staðar

Vegna þessa tilviks, sem kallaði á frekari rannsókn, urðu hagsmunasamtök bænda þess áskynja að tollvernd sem innlend framleiðsla landbúnaðarvara á að njóta á grundvelli tollalaga og milliríkjasamninga hefur ekki verið til staðar. Sú staðreynd hefur valdið gífurlegu tjóni eins og bent hefur verið á. Undanfarin misseri hafa af þessum sökum verið send erindi til ríkisskattstjóra, auk fjármálaráðherra og utanríkisráðherra, þar sem bent hefur verið á brotakennda framkvæmd við tolleftirlit og gerð viðskiptasamninga við önnur ríki, sbr. fskj. nr. 4-5.

Forsendubrestur liggur fyrir

Af framansögðu leiðir að allar rekstrarforsendur eru brostnar í íslenskum landbúnaði. Alvarlegar afleiðingar COVID-19 faraldursins, m.a. vegna hruns í komu ferðamanna, sóttvarnaraðgerða stjórnvalda, aukins innflutnings erlendra búvara og brotakenndrar tollframkvæmdar og fyrirhugaðs uppboðs tollkvóta, kalla á aðgerðir af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Þess skal getið í þessu sambandi að með bréfi, dags. 30. apríl sl., sbr. fskj. nr. 6, bentu Bændasamtökin á alvarlega stöðu vegna fækkunar ferðamanna og fyrirhugaðs útboðs tollkvóta þar sem óskað var eftir frestun útboðsins. Í svarbréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 19. maí sl., var beiðni Bændasamtakanna hafnað, sbr. fskj. nr. 7. Hagsmunasamtökin benda á að þær áhyggjur sem lýst var í bréfi þeirra, dags. 30. apríl sl., hafa nú raungerst.

Aðgerðir fyrir landbúnað í nágrannalöndum og umhverfi samkeppnismála

Þegar staða íslenskra bænda er borin saman við stöðu bænda í nágrannalöndum Íslands, einkum Noregs og í aðildarríkjum Evrópusambandsins, er ljóst að mjög mikill munur er til staðar. Þannig hafa stjórnvöld í þessum löndum – og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins – mun meiri heimildir til að grípa til aðgerða vegna tímabundins ójafnvægis á markaði, auk þess sem gripið hefur verið til viðamikilla stuðningsaðgerða vegna COVID-19 faraldursins. Um þennan aðstöðumun vísast til fskj. nr. 8-9.

AFRIT

Sá aðstöðumunur og þær aðgerðir sem hér er vísað til eru m.a. eftirfarandi:

- Í Noregi eru bændur og afurðasölufyrirtæki með undanþágur frá samkeppnislögum.

- Í aðildarríkjum Evrópusambandsins hefur framkvæmdastjórn þess umfangsmiklar heimildir til að grípa til aðgerða sem gera bændum, sem falla undir sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, kleift að auka samstarf sín í milli. Þær heimildir byggja á kafla Lissabonsáttmálans um landbúnaðarstefnu þess. Auk þess hefur eftirfarandi stuðningur t.d. verið samþykktur vegna COVID-19:

    - Bændum standa til boða fjárstyrkir vegna núverandi ástands allt að fjárhæð 100.000 evrur (16 milljónir króna);

    - Bændum standa til boða hagstæð lán allt að fjárhæð 200.000 evrur (32 milljónir króna);

    - Vegna ójafnvægis á mörkuðum með landbúnaðarvörur hefur verið innleidd tímabundin undanþága frá evrópskum samkeppnisreglum fyrir landbúnaðinn.

Brýnustu aðgerðir

Í ljósi aðstæðna telja hagsmunasamtökin brýnt að koma á framfæri að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða strax. Fresta þarf útboðum á tollkvótum í kjöt- og mjólkurvörum. Ef fyrirhuguð útboð fara fram við núverandi aðstæður mun það hafa mjög neikvæð áhrif á verðmyndum þessara vara til tjóns fyrir bændur.

Auk þess þarf að taka tollframkvæmd til endurskoðunar eins og gerð var grein fyrir í bréfi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði þann 18. september sl. og tekið er undir í minnisblaði fjármálaráðherra frá 22. október sl. Öllu skiptir að tollframkvæmd sé rétt þannig að raunveruleg tollvernd sé til staðar í samræmi við ákvæði tollalaga og milliríkjasamninga.

Aðrar aðgerðir

Eins og gerð hefur verið grein fyrir er aðstöðumunur til staðar milli íslenskra bænda og bænda í nágrannalöndum Íslands. Þessi aðstöðumunur birtist með almennum hætti þar sem t.a.m. norskir bændur eru undanskildir gildissviði samkeppnislaga. Þá hefur verið gripið til umfangsmikilla stuðningsaðgerða á meginlandi Evrópu þar sem beinir fjárstyrkir og hagstæð lánafyrirgreiðsla stendur bændum til boða.

Auk fyrrnefndra brýnustu aðgerða óska hagsmunasamtök bænda eftir því að innleiddar verði lagabreytingar þar sem undaþága frá samkeppnislögum verði

AFRIT

útvíkkuð miðað við það sem nú gildir. Þá óska hagsmunasamtökin eftir viðræðum við íslensk stjórnvöld þar sem ræddir verða möguleikar til að styrkja bændur í ljósi þess ástands sem nú ríkir.

Með bréfi þessu fylgja gögn sem byggja á vinnu á vegum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Landssamtaka sláturleyfishafa og Bændasamtaka Íslands, en þar er m.a. fjallað um tollaframkvæmd, birtingu milliríkjasamninga, stuðningsaðgerðir Evrópusambandsins til bænda og samkeppnisumhverfi landbúnaðar í Noregi og Evrópusambandinu. Þessi gögn eru hluti af samskiptum við stjórnvöld undanfarna mánuði.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands
Gunnar Þorgeirsson (Sign.)

f.h. Landssamtaka sláturleyfishafa
Ágúst Torfi (Sign.)

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði
Jóhanna Hreinsdóttir (Sign.)

Fylgiskjöl:

Nr. 1. Erindi hagsmunasamtaka þessa bréfs til utanríkisráðherra, dags. 26. október 2020.

Nr. 2. Yfirlit atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá september 2020.

Nr. 3. Reglugerð nr. 494/2020 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins.

Nr. 4. Bréf Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði til ríkisskattstjóra, dags. 18. september 2020.

Nr. 5. Bréf Mjólkursamsölunnar til utanríkisráðherra, dags. 26. október 2020.

Nr. 6. Bréf Bændasamtaka Íslands til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 30. apríl 2020.

Nr. 7. Svarbréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 19. maí 2020.

Nr. 8. Minnisblað JURIS lögmannsstofu til Landssamtaka sláturleyfishafa og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, dags. 28. október 2020.

Nr. 9. Minnisblað JURIS lögmannsstofu til Landssamtaka sláturleyfishafa, dags. 30. október 2020.